



D Ó M U R

6. maí 2010

Mál nr. S-462/2009:

Ákærandi: Ríkislögreglustjóri

(Eyjólfur Ármannsson saksóknarfulltrúi)

Ákærðu: Guðmundur Jónsson

(Hilmar Baldursson hdl.)

Jón Arnarr Einarsson

(Brynjar Nielsson hrl.)

Dómari: Hjörtur O Aðalsteinsson dómstjóri

Ár 2010, fimmtudaginn 6. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er í dómsal embættisins að Austurvegi 4, Selfossi af Hirti O. Aðalsteinssyni dómstjóra, í málinu nr. S-462/2009:

Ákærvaldið

(Eyjólfur Ármannsson saksóknarfulltrúi)

gegn

Guðmundi Jónssyni

(Hilmar Baldursson hdl.) og

Jóni Arnarr Einarssyni

(Brynjar Nielsson hrl.)

kveðinn upp svohljóðandi

dómur:

Mál þetta er höfðað með ákæru ríkislögreglustjóra dagsettri 2. október sl. á hendur ákærðu, Guðmundi Jónssyni, kt. 000000-0000, til heimilis að Hólsbraut 11, Selfossi og Jóni Arnarr Einarssyni, kt. 000000-0000, til heimilis að Smáratúni 6, Selfossi:

A.

„Á hendur ákærða Guðmundi sem stjórnarformanni og daglegum stjórnanda sjálfseignarstofnunarinnar Byrgið líknarfélag, kt. 000000-0000, og einkahlutafélagsins Eignarhaldsfélagið Byrgið, kt. 000000-0000, fyrir eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum á árunum 2004 til 2006:

I.

Fyrir fjárdrátt á árunum 2005 og 2006, með því að hafa dregið sér samtals kr. 3.382.802 með notkun á kreditkorti einkahlutafélagsins númer 4568 3700 0007 0477 þegar hann tók út reiðufé og greiddi persónuleg útgjöld með kortinu í 209 skipti, sem sundurliðast þannig eftir árum:

Árið 2005 101 skipti kr. 1.462.974

Árið 2006 108 skipti kr. 1.919.828

Alls: kr. 3.382.802

Til vara fyrir umboðssvik með því að hafa með framangreindum hætti misnotað aðstöðu sína til að skuldbinda einkahlutafélagið til að greiða framangreindar úttektir.

II.

Fyrir fjárdrátt með því að hafa á árunum 2005 og 2006 dregið sér samtals kr. 1.639.648 frá Byrginu líknarfélagi ses. kr. 803. og Eignarhaldsfélaginu Byrginu ehf., þegar hann lét félögin greiða 12 kreditkortareikninga sína vegna útgjalda sem hann stofnaði til með kreditkorti sínu nr. 4548 9000 0063 2119 í 109 skipti sem sundurliðast þannig eftir árum:

Árið 2005: 50 skipti, 6 reikningar kr. 647.702

Árið 2006: 59 skipti, 6 reikningar kr. 991.946

Alls kr. 1.639.648

III.

Fyrir fjárdrátt með því að hafa á tímabilinu frá júní til og með október 2006 dregið sér kr. 96.500 af bankareikningi 140-05-82515, sem var söfnunarreikningur aðstandenda Hauks Freys Ágústssonar til styrktar Byrginu líknarfélags ses, með 12 millifærslum af umræddum reikningi á reikning sinn nr. 1101-05-406424.

IV.

Fyrir fjárdrátt með því að hafa á árunum 2004 til 2006 dregið sér samtals kr. 4.296.200,- sem voru hluti af söfnunarfé sem Svavar Dalmann safnaði í þágu Byrgisins líknarfélags ehf. umrædd ár og afhenti ákærða. Féð var millifært af reikningum nr. 0135-26-70199 og nr. 1109-05-406688, skráðum á Líknarfélagið Rockville ehf., á reikninga ákærða nr. 1101-05-406424 og nr. 135-26-1911, auk þess tók ákærði sjálfur út af reikningi árið 2005 og Svavar lagði inn á reikning ákærða árið 2006. Fjárhæðin sundurliðast þannig í heild eftir árum:

Árið 2004

Fé sem ákærði millifærði af reikningi nr. 1109-05-406688

á reikninga sína í 7 færslum: kr. 221.000

Árið 2005

Fé sem var millifært af reikningi nr. 0135-26-70199 á reikninga

ákærða og með úttektum af reikningnum í alls 26 færslum: kr. 1.155.000

Árið 2006

Fé sem Svavar lagði inn á reikning ákærða nr. 1101-05-406424

í 10 tilvikum: kr. 1.395.000

Fé sem var millifært með 156 færslum af reikningi

nr. 0135-26-70199 á reikning ákærða nr. 1101-05-406424

og á reikning eiginkonu hans í eitt skipti: kr. 1.525.200

Alls: kr. 4.296.200

Brot ákærða samkvæmt A-kafla ákæru teljast varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til vara telst brot samkvæmt lið I A-kafla ákæru varða við 249. gr. sömu laga.

B.

Á hendur ákærðu fyrir eftirtalin meiri háttar brot gegn skattalögum og lögum um bókhald:

I.

Á hendur ákærðu Guðmundi sem stjórnarformanni og Jóni Arnarr sem stjórnarmanni í Byrginu líknarfélagi ses., sem þeir ráku í sameiningu, með því að hafa ekki skilað skilagreinum staðgreiðslu opinberra gjalda á árunum 2004, 2005 og 2006, og hafa látið undir höfuð leggjast að standa ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli í III. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, vegna launagreiðslna, en samtals námu hin vantöldu laun kr. 9.648.182 og vangoldin staðgreiðsla opinberra gjalda samtals kr. 3.611.649, og sundurliðast sem hér greinir:

<i>Greiðslutímabil staðgreiðsla:</i>	<i>Vantaldar launagreiðslur</i>	<i>Vangoldin</i>
Árið 2004	kr. 2.020.287	kr. 779.427
Árið 2005	kr. 3.094.938	kr. 1.167.720
<u>Árið 2006</u>	<u>kr. 4.532.957</u>	<u>kr. 1.664.502</u>
Samtals:	kr. 9.648.182	kr. 3.611.649

II.

Á hendur ákærða Guðmundi fyrir að telja ekki fram á skattframtölum sínum árin 2005 og 2006 bifreiðahlunnindi sín árin 2004 og 2005, samtals kr. 1.562.685, og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts, og útsvars að fjárhæð kr.

593.041,- sem sundurliðast nánar með eftirgreindum hætti:

Árið 2005

Vanframtalín bifreiðahlunnindi:	<u>kr. 275.137</u>
Tekjuskattur, skattprósenta 25,75%	kr. 70.847
Útsvar, útsvarsprósenta 13,03%	<u>kr. 35.850</u>
Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:	kr. 106.697

Árið 2006

Vanframtalín bifreiðahlunnindi:	kr. 1.287.548
Tekjuskattur skattprósenta 24,75%	kr. 318.668
Útsvar, útsvarsprósenta 13,03%	<u>kr. 167.676</u>
Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals:	kr. 486.344

III.

Á hendur ákærða Jóni Arnarr fyrir að hafa vantalið á skattframtali sínu árið 2005, vegna tekjuársins 2004, og á skattframtali árið 2006 vegna tekjuársins 2005, skattstofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars um samtals kr. 3.732.706 og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts og útsvars samtals að fjárhæð kr. 1.414.965, sem sundurliðast þannig:

Árið 2005

Vanframtalín bifreiðahlunnindi:	<u>kr. 474.988</u>
Tekjuskattur, skattprósenta 25,75%	kr. 122.309
Útsvar, útsvarsprósenta 13,03%	<u>kr. 61.891</u>

Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals: kr. 184.200

Árið 2006

Vanframtaldar tekjur frá Byrginu: kr. 2.532.318

Vanframtalín bifreiðahlunnindi: kr. 725.400

Samtals: kr. 3.257.718

Tekjuskattur, skattprósenta 24,75% kr. 806.285

Útsvar, útsvarsprósenta 13,03% kr. 424.480

Vangoldinn tekjuskattur og útsvar samtals: kr. 1.230.765

IV.

Á hendur ákærðu Guðmundi og Jóni Arnarr, fyrir meiri háttar bókhaldsbrot í ofangreindum störfum sínum fyrir Byrgið líknarfélag ses., með því að hafa látið undir höfuð leggjast að varðveita fylgiskjöl með fullnægjandi hætti og vanrækt að færa tilskilið bókhald fyrir stofnunina, meðal annars með því að vanrækja að færa í bókhald greidd vistgjöld og tekjur vegna safnana í þágu stofnunarinnar.

Brot ákærðu samkvæmt liðum I, II og III í B-kafla ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig:

a) 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995 og 1. gr. laga nr. 134/2005 að því er varðar lið I.

b) 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að því er varðar 2. liði II og III.

Brot ákærðu samkvæmt lið IV í B-kafla ákæru teljast varða við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995 sbr. einnig 1. og 2. tölulið 1. mgr. 37. gr., sbr. 36. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1995.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Samkvæmt gögnum málsins eru málavextir þeir að með bréfi dagsettu 16. nóvember 2006 fór félagsmálaráðuneytið þess á leit að Ríkisendurskoðun kannaði reikningsskil Byrgisins líknarfélags ses, en það hefði allt frá árinu 1999 fengið umtalsverð fjárframlög á fjárlögum til starfsemi sinnar. Byrgið mun vera kristilegt líknarfélag sem stofnað var 1996. Það rak meðferðarheimili og endurhæfingarsambýli fyrir vímuefnaneytendur, oftast heimilislaustr fólk og bauð þeim endurhæfingarmeðferð. Starfsemi þess var síðast að Efri-Brú í Grímsnesi en því var lokað síðari hluta ársins 2006 eða í ársbyrjun 2007. Samkvæmt fyrirtækjaskrá var ákærði Guðmundur stjórnarformaður og prókúruhafi en ákærði Jón Arnarr meðstjórnandi. Þá var til félag sem hét Eignarhaldsfélagið Byrgið ehf. og þar var ákærði Guðmundur stjórnarformaður og prókúruhafi en meðákærði meðstjórnandi. Markmið úttektar Ríkisendurskoðunar var að kanna í fyrsta lagi hvort allar tekjur sem aflað hefði verið vegna starfsemi Byrgisins, hvort sem væri frá opinberum aðilum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða einstaklingum, hefðu skilað sér að fullu í bókhald félagsins. Í öðru lagi að kanna hvort öll útgjöld sem stofnað hefði verið til vegna starfseminnar hefðu verið færð í bókhald félagsins, gerð hefði verið fullnægjandi grein fyrir kostnaðinum og hvort hann gæti talist eðlilegur með tilliti til starfseminnar. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að Byrgið mun hafa notið fjárstuðnings ríkisins frá árinu 1999 og nam hann ásamt framlagi ríkisins vegna húsaleigu alls 188 milljónum króna til og með árinu 2006, en framlag vegna húsaleigu, samtals 25,5 milljónir króna mun hafa runnið beint til Fasteigna ríkissjóðs. Í október 2003 mun félagsmálaráðherra hafa undirritað yfirlýsingu um áframhaldandi stuðning ríkisins við meðferðarheimilið og þau skilyrði sett m.a. að 55 einstaklingum yrði veitt skjól og aðstoð. Stjórnendur Byrgisins undirrituðu ekki yfirlýsinguna þar sem þeir töldu að framlagið og stærð húsnæðisins byði ekki upp á þennan fjölda vistmanna. Framlög in munu engu að síður hafa verið innt af hendi.

Þá kemur fram í skýrslunni m.a. að ákærði Guðmundur var forstöðumaður heimilisins og mun hafa annast fjármál þess ásamt meðákærða en ákærði Guðmundur mun þó einn hafa tekið á móti fjárframlögum vegna fjársafnana og innheimtum vistgjöldum. Færsla bókhalds var ekki í höndum þeirra heldur mun Bjarni Sigsteinsson hafa annast það verkefni. Tveir bankareikningar munu hafa verið færðir í bókhaldi og voru tekjur að mestu lagðar inná annan þeirra og greiðslur út af reikningunum munu almennt hafa farið fram með millifærslum úr heimabanka. Tvö kreditkort hafi verið í notkun vegna starfseminnar, annað á nafni Eignarhaldsfélags Byrgisins ehf. og hitt á nafni ákærða Guðmundar. Báðir

stjórnendur Byrgisins og aðrir starfsmenn voru með launareikninga í bókhaldinu sem að mati Ríkisendurskoðunar hafi jafnframt verið notaðir sem eins konar viðskiptareikningar.

Auk fjárframlaga af fjárlögum voru tekjur Byrgisins vistgjöld fyrir einstaka vistmenn og mun innheimtu vistgjalda af þeim skjólstæðingum sem þáðu örorkulífeyri hafa verið með þeim hætti að þeir hafi greitt Byrginu með reiðufé, en einn starfsmannanna hafi séð um innheimtuna á staðnum. Þá segir í skýrslunni að styrkir frá opinberum aðilum hafi numið samtals 5,9 milljónum króna árið 2005 og um 8 milljónum á fyrstu tíu mánuðum ársins 2006. Þá hafi Byrgið haft óbeinar tekjur af vörum og þjónustu sem ekki hafi verið greitt fyrir, auk afnota af húsnæði í eigu ríkisins. Þá hafi fjáröflun til stuðnings Byrginu verið í gangi undanfarin ár og segir í skýrslunni að söfnunarfé hafi numið 4,7 milljónum króna árið 2005 og um 6 milljónum árið 2006. Hafi útlagður kostnaður numið um 7% af söfnunarfé hvors árs.

Í niðurstöðukafla skýrslunnar segir að fjármálaumsýslu og bókhaldi Byrgisins hafi verið verulega ábótavant, m.a. vegna þess að innheimtar tekjur hafi ekki verið bókaðar og kostnaður sé færður til gjalda án fullnægjandi fylgiskjala, kostnaður sé ranglega bókfærður eða afar hæpið að hann tilheyri starfsemi Byrgisins. Í mörgum tilvikum vanti frumrit viðkomandi fylgiskjals, útgjöld séu tvíbókuð eða færð á ranga reikningslykla og einkaútgjöldum starfsmanna oft blandað saman við rekstur félagsins. Þá eigi stjórnendur Byrgisins eftir að gera fullnægjandi grein fyrir ráðstöfun á söfnunarfé og vistgjöldum sem ekki hafi verið færð í bókhald Byrgisins, 9,6 milljónir króna árið 2005 og 12,7 milljónir árið 2006. Að mati Ríkisendurskoðunar er ekki að sjá að þessum fjármunum hafi verið ráðstafað í þágu Byrgisins. Þá liggi fyrir að fjármunir sem sannanlega hafi runnið til stjórnenda og starfsmanna Byrgisins séu langt umfram það sem fram komi í bókhaldi eða ársreikningum félagsins. Launagreiðslur vegna ársins 2005 að fjárhæð 12,7 milljónir króna séu ranglega tilgreindar í bókhaldi og ársreikningi Byrgisins, en þar sé launakostnaður aðeins sagður vera 5,5 milljónir króna. Þá liggi fyrir að þessar greiðslur hafi ekki verið taldar fram til skatts af hálfu Byrgisins. Þá telur Ríkisendurskoðun svo að sjá að stjórnendur og starfsmenn Byrgisins hafi látið bókfæra hjá félaginu og greiða útgjöld sem séu því óviðkomandi og telja verði einkaútgjöld þeirra. Nemi slík útgjöld a.m.k. 12,5 milljónum króna árið 2005 og 3,1 milljón árið 2006.

Með bréfi dagsettu 15. janúar 2007 sendi Ríkisendurskoðun ríkissaksóknara greinargerðina til meðferðar og með bréfi dagsettu daginn eftir fól ríkissaksóknari efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra að annast rannsókn málsins. Skattrannsóknarstjóri ríkisins annaðist rannsókn á skattskilum ákærðu og Byrgisins líknarfélags ses. og lauk rannsókn í máli ákærða Jóns Arnarr 11. maí 2007, í máli ákærða Guðmundar lauk rannsókninni 4. júlí sama ár og í máli félagsins lauk henni 21. september sama ár.

Ákæruliður A. I.

Við rannsókn ríkislögreglustjóra á notkun kreditkorts númer 4568 3700 0007 0477, sem er Visareikningur eignarhaldsfélagsins Byrgisins ehf., vaknaði grunur um að ákærði Guðmundur hefði á árunum 2005 og 2006 tekið út reiðufé og greitt persónuleg útgjöld sín með kortinu í 209 skipti, samtals 3.382.802 krónur. Ákærða var gefinn kostur á því við rannsókn málsins að skýra allar úttektir af kortinu á þessum tíma og merkti hann sérstaklega við þær úttektir sem verið hefðu í þágu Byrgisins. Aðrar úttektir sagði hann hafa verið í sína þágu og er þessi ákæruliður byggður á þeim framburði ákærða.

Ákærði Guðmundur skýrði svo frá fyrir dómi að hann hefði verið stjórnarformaður eignarhaldsfélagsins Byrgisins og Byrgisins líknarfélags ses. Hefði hlutverk eignarhaldsfélagsins verið að halda utan um rekstur Byrgisins og vera bakhjarl líknarfélagsins. Ákærði kannaðist við að eignarhaldsfélagið eða líknarfélagið hafi greitt úttektir af umræddu kreditkort. Ákærði kannaðist við að hluti af úttektum þeim sem greinir í ákæru hafi tilheyrt honum persónulega. Ákærði kvað bæði vistmenn og starfsmenn Byrgisins hafa auk sín keypt aðföng og hefðu þeir í öllum tilvikum fengið reiðufé sem ákærði hafi látið þeim í té. Hann kvað meðákærða margoft hafa hvatt fólk til að skila nótum vegna kaupanna. Hann kvað vistmenn hafa verið um 25 til 30, oft eignalausir og hafi þeir fengið fjárhagsstuðning frá Byrginu, þó ekki í formi reiðufjár. Þá hafi verið mikill kostnaður samfara námi vistmanna, oft tölvur á hverju herbergi og þá hafi verið rekið svokallað skólaútlarp. Ákærði kvað eftir að rannsókn málsins lauk hafa haft tækifæri til að fara betur yfir úttektir og hefði þá komið í ljós að fleiri úttektir hefðu verið í þágu Byrgisins en um getur í ákæru.

Meðákærði Jón Arnarr skýrði svo frá að ýmsir starfsmenn hefðu séð um að kaupa aðföng. Hann kvað þá hafa greitt með reiðufé sem þeir hafi fengið hjá meðákærða. Hann gat ekki svarað því af hvaða reikningi meðákærði tók féð. Hann komst svo að orði að meðákærði Guðmundur hafi verið Byrgið.

Niðurstaða.

Ákærði Guðmundur hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa notað kreditkort einkahlutafélagsins til að greiða persónuleg útgjöld sín og var honum gefinn kostur á því við rannsókn málsins að gera sérstaka grein fyrir því í hvaða tilvikum útgjöldin voru í þágu Byrgisins. Hann kvað eftir að rannsókn málsins lauk hafa farið betur yfir úttektir og hafi þá komið í ljós að fleiri úttektir hafi verið í þágu Byrgisins en byggt sé á í ákæru.

Ekki verður fram hjá því litið að rekstur Byrgisins var um margt sérstakur. Ákærði byggir á því í greinargerð sinni að algengt hafi verið að hann tæki út fé til þess að standa straum af ýmsum kostnaði í þágu skjólstaðinga Byrgisins, svo sem rekstrarkostnað bifreiða, lyfjakostnað, kostnað vegna fatnaðar, tóbaks o.fl. Hafi fólk sem komið hafi í Byrgið verið nær undantekningalaust allslaust og þar til það hafi fengið greiddar bætur eða styrki frá félagsmálayfirvöldum hafi það þurft á fjárstuðningi að halda. Þá hafi töluvert verið um úttektir í verslunum sem selji

tölvur og tölvubúnað. Af þessum sökum er ekki unnt að hafna þeim framburði ákærða að þær úttektir sem í ákæru greinir og taldar eru í hans þágu hafi að einhverju leyti verið í þágu Byrgisins. Hins vegar verður að telja nægilega sannað með vísan til gagna málsins og framburðar ákærða að úttektirnar hafi að verulegu leyti verið í hans þágu án þess að unnt sé að staðreyna tiltekna fjárhæð í því sambandi. Með þessari háttsemi sinni misnotaði ákærði aðstöðu sína til að skuldbinda einkahlutafélagið og varðar hún við 249. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður A. II.

Við rannsókn ríkislögreglustjóra á notkun kreditkorts númer 4548 9000 0063 2119, sem er Visareikningur ákærða Guðmundar, vaknaði grunur um að ákærði hefði á árunum 2005 og 2006 lagt fjármuni frá líknarfélaginu Byrginu inn á reikning sinn nr. 135-26-1911 í þeim tilgangi að greiða kreditkortareikninga vegna persónulegra útgjalda sinna. Ákærða var gefinn kostur á því við rannsókn málsins að skýra allar úttektir af kortinu á þessum tíma og merkti hann sérstaklega við þær úttektir sem verið hefðu í þágu Byrgisins. Aðrar úttektir sagði hann hafa verið í sína þágu og er þessi ákæruliður byggður á þeim framburði ákærða.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi að hann hafi notað jöfnum höndum sitt eigið kreditkort og kort Byrgisins til þess að standa straum af útgjöldum sem tilheyrðu Byrginu. Hann kannaðist við að hafa ekki gert sérstakan greinarmun á því hvort greiðsla tilheyrði honum persónulega eða Byrginu. Hann kvaðst hafa lánað Byrginu fjármuni sem ekki hefðu verið færðir í bókhald sem skuld Byrgisins og hefðu greiðslur að hluta farið til endurgreiðslu þeirra lána. Hann kvaðst hafa komið fyrir að heimild á korti Byrgisins hefði verið fullnýtt og hefði hann því orðið að nota sitt kort til úttekta. Hann kvað heimild á hvoru korti hafa verið um 500.000 krónur. Ákærði kvaðst hafa verið með um 450.000 krónur í mánaðarlaun.

Niðurstaða.

Ákærði Guðmundur hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa á árunum 2005 og 2006 lagt fjármuni frá líknarfélaginu Byrginu inn á framangreindan reikning sinn í þeim tilgangi að greiða kreditkortareikninga vegna persónulegra útgjalda sinna. Ákærða var með sama hætti og greinir í ákæruliði A.I. gefinn kostur á því við rannsókn málsins að gera sérstaka grein fyrir því í hvaða tilvikum útgjöldin voru í þágu Byrgisins. Hann kvað eftir að rannsókn málsins lauk hafa farið betur yfir úttektir og hafi þá komið í ljós að fleiri úttektir hafi verið í þágu Byrgisins en byggt sé á í ákæru. Af þessum sökum þykir varhugavert að hafna þeim framburði ákærða að þær úttektir sem í ákæru greinir og taldar eru í hans þágu hafi að einhverju leyti verið í þágu Byrgisins. Hins vegar verður að telja nægilega sannað með vísan til gagna málsins og framburðar ákærða að úttektirnar hafi að verulegu leyti verið í hans þágu án þess að unnt sé að staðreyna tiltekna fjárhæð í því sambandi. Með þessari háttsemi sinni telst sannað að ákærði hafi gerst sekur um fjárdrátt samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður A. III.

Þann 16. janúar 2007 lagði Birna Dís Vilbertsdóttir fram kæru á hendur ákærða Guðmundi fyrir að draga sér fé úr minningarsjóði um son hennar, Hauk Frey Ágústsson, en hann mun hafa látist 9. júní 2006. Í tilkynningu um jarðarför Hauks heitins kemur fram að blóm og kransar séu vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilji minnast hans er bent á að láta Byrgið njóta þess. Gefið er upp reikningsnúmerið 0140-05-082515, kt. 000000-0000. Fram kemur á yfirliti yfir reikninginn að innstæða á honum sé 28 krónur 31. mars 2006, en síðan er engin færsla skráð fyrr en 14. júní sama ár en þann dag leggja þrír aðilar samtals 23.000 krónur inn á reikninginn. Samdægurs er skráð millifærsla til ákærða að sömu fjárhæð. Síðasta innlegg á reikninginn er skráð 30. október sama ár og hafa þá verið skráð innlegg samtals að fjárhæð 121.500 krónur, þar á meðal innlegg Birnu Dísar Vilbertsdóttur 19. júní sama ár, 5.000 krónur. Í nánast öllum tilvikum eru innleggin millifærð samdægurs á reikning ákærða Guðmundar, samtals 96.500 krónur en í einu tilviki er skráð millifærsla á Byrgið ses., 25.000 krónur.

Ákærði kannaðist ekki við að umræddur reikningur hefði verið reikningur aðstandenda Hauks heitins. Reikningurinn hefði verið stofnaður í Landsbankanum á Selfossi sem símasöfnunarreikningur og hefði stúlka nokkur safnað fé á reikninginn í nokkra daga. Hann kvaðst því hafa tekið út fé af reikningnum í þeirri trú að um þessa símasöfnun væri að ræða og hefði féð verið notað í þágu Byrgisins eða til greiðslu skulda Byrgisins við ákærða. Ákærði kannaðist ekki við að hafa gefið neinum aðstandendum Hauks heitins upplýsingar um neitt reikningsnúmer og kvaðst ekki hafa haft hugmynd um þessa söfnun. Þá kvaðst hann ekki hafa séð dánartilkynningu þar sem reikningsnúmerið hafi komið fram. Ákærði mundi eftir því að móðir Hauks heitins hafi haft samband við hann og spurt hvort hann hefði eitthvað á móti því að stofnaður yrði söfnunarreikningur og hafi hann ekkert talið því til fyrirstöðu en ekkert hafi verið rætt inn á hvaða reikning ætti að leggja og kvaðst hann hafa talið að sá reikningur yrði í nafni aðstandenda.

Meðákærði Jón Arnarr kannaðist ekki við að hafa gefið aðstandendum Hauks heitins upplýsingar um reikninginn og hefði hann ekki verið í neinum samskiptum við fólkið.

Vitnið Birna Dís Vilbertsdóttir skýrði svo frá fyrir dómi að hún hefði talað við ákærða Guðmund og tjáð honum að hún vildi gjarnan að stofnaður yrði reikningur vegna söfnunar í minningu sonar hennar sem hafi látist 9. júní 2006 og nýttur yrði í þágu skjólstæðinga Byrgisins. Hún kvað annan ákærðu hafa gefið henni upp bókarnúmer í Landsbankanum sem henni hafi verið sagt að væri á nafni Byrgisins sem ekki væri notuð og mætti hún nota hana. Hún kvaðst ekki hafa fengið upplýsingar um kennitölu reikningsins frá ákærðu heldur hafi þær komið frá starfsmanni bankans. Hafi báðum ákærðu verið þetta mjög ljóst og hafi þeir samþykkt þessa tilhögun. Hún kvaðst hafa haft samband við ákærða Guðmund í september sama ár og hafi henni þá verið kunnugt um að systir hennar hefði lagt inn á reikninginn. Ákærði Guðmundur hafi þá ekki kannast við að neitt hafi komið inn á reikninginn og hafi hann ekkert viljað ræða þetta við sig. Hún kvaðst ekki hafa haft aðgang að þessum reikningi og ekki fengið reikningsyfirlit. Hún kvað

reikningsnúmer hafa verið sett í dánartilkynningu í samráði við ákærðu.

Niðurstaða.

Ákærði hefur neitað því að hafa nokkuð vitað um þá fyrirætlun aðstandenda Hauks heitins að nota umrædda bankabók í minningu hans, en hann kannaðist þó við að hafa rætt við móður hans og sagt henni að hann teldi ekkert því til fyrirstöðu að stofnaður yrði söfnunarreikningur. Birna Dís hefur staðfest að hún hafi fengið upplýsingar um bóknúmerið frá öðrum ákærðu, en hvorugur ákærðu kannast við það. Ákærði kvað um símasöfnunarreikning að ræða og hefði stúlka nokkur safnað á reikninginn í nokkra daga og hefði hann staðið í þeirri trú að innlegg á reikninginn stöfuðu frá þessari söfnun. Að mati dómsins er þessi skýring ákærða afar ótrúverðug. Engin færsla er skráð á reikninginn frá 31. mars 2006 til 13. júní sama ár, en daginn eftir og í rúma fjóra mánuði eða til 30. október sama ár eru skráð innlegg samtals að fjárhæð 121.500 krónur. Fær því vart staðist sú staðhæfing ákærða að safnað hefði verið á reikninginn í nokkra daga. Þá er skráð innlegg frá móður Hauks heitins, Birnu Dís þann 19. júní sama ár en ákærði hefur kannast við að hafa rætt við hana um söfnunarreikning. Hefði innlegg frá henni á reikninginn átt að gefa ákærða tilefni til nánari skoðunar. Allt að einu millifærði ákærði til sín samtals 96.500 krónur af reikningnum eins og að framan er rakið og telst því sannað að ákærði hafi gerst sekur um fjárdrátt samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður A. IV.

Við rannsókn málsins kom í ljós að Svavar Dalmann Hjaltason hefði á árunum 2004 til 2006 safnað umtalsverðum fjárhæðum í þágu Byrgisins líknarfélags ses. og afhent ákærða Guðmundi. Liggur fyrir að féð hafi verið millifært af reikningum líknarfélagsins Rockville nr. 1109-05-406688 og nr. 0135-05-70199 á reikninga ákærða nr. 1101-05-406424 og nr. 0135-26-1911. Þá hefur því ekki verið mótmælt að ákærði hafi sjálfur tekið út af reikningi nr. 0135-05-70199 árið 2005 og Svavar hafi lagt inn á reikning ákærða nr. 1101-05-406424 árið 2006. Af hálfu ákærða hefur ekki verið mótmælt að með þessum hætti hafi samtals 4.296.200 krónur runnið til ákærða.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi að Svavar Dalmann Hjaltason hafi séð um söfnun fyrir Byrgið með hléum í nokkur ár eða frá 2002 til 2006. Hann kvaðst ekki muna hvort þessar safnanir hefðu verið tilkynntar til lögreglustjóra, en ákveðin hefði hefði verið fyrir því að fara til fyrirtækja á hverju ári og leita eftir fjárframlögum. Hann kvaðst ekki hafa dregið sér þá fjármuni sem gerð sé grein fyrir í þessum ákærulið en um sé að ræða millifærslur til að standa straum af launakostnaði vegna vinnu ákærða í þágu Byrgisins eða vegna útlagðs kostnaðar. Ákærði kvaðst hafa treyst bókkara sínum fyrir því að færa bókhald félagsins. Aðspurður hvers vegna

Svavar lagði fé inn á persónulegan reikning ákærða árið 2006 gat hann ekki svarað því en hugsanlegt væri að um lán til ákærða hefði verið að ræða. Ákærði kannaðist ekki við að hafa tekið við reiðufé af honum. Ákærði tók fram að árið 2003 og 2004 hefði hann tekið 6 milljónir að láni út á húsið sitt til þess að greiða reikninga Byrgisins og halda því gangandi og hefði þetta aldrei komið fram. Hann kvaðst hafa átt fyrirtækið og hefði hann þurft að halda því gangandi í þágu fólksins á götunni.

Vitnið Svavar Dalmann Hjaltason skýrði svo frá fyrir dómi að hann hefði safnað fjármunum í þágu Byrgisins á árunum 2004 til 2006. Hann kvaðst hafa farið í fyrirtæki hringinn í kringum landið og kvað hann yfirleitt hafa verið lagt inn á reikning líknarfélagssins. Það sem greitt hefði verið í reiðufé kvaðst hann hafa afhent ákærða Guðmundi. Hann kvaðst ekki hafa verið á föstum launum en fengið blessanir fyrir eins og hann komst að orði, eða frítt bensín, frían mat og reiðufé öðru hverju frá ákærða Guðmundi. Hann kannaðist við að hafa nokkrum sinnum lánað ákærða Guðmundi fé af 200.000 króna yfirdrætti sem hann hafði í banka. Hann kannaðist við að söfnunarféð hefði numið rúmum sex milljónum króna.

Vitnið Magnús Einarsson skýrði svo frá fyrir dómi að hann hafi vitað til þess að Svavar hafi lánað ákærða Guðmundi fimm eða sex hundruð þúsund af eigin fé en ekki af söfnunarfé. Hann gat ekki borið nánar um tilhögun safnananna. Hann kannaðist við að hafa innheimt vistgjöld af þeim sem voru á örorku og kvaðst hann hafa afhent ákærða Guðmundi þau í reiðufé. Hann kannaðist við að ákærði hefði oft hjálpað vistmönnum og látið þá fá reiðufé.

Niðurstaða.

Ákærði hefur ekki mótmælt því að hluti af söfnunarfénu hafi verið lagður inn á reikninga á hans nafni. Hann kvaðst hins vegar ekki hafa dregið sér þá fjármuni sem gerð sé grein fyrir í þessum ákærulið en um sé að ræða millifærslur til að standa straum af launakostnaði vegna vinnu ákærða í þágu Byrgisins eða vegna útlagðs kostnaðar.

Af þessum sökum er ekki unnt að hafna þeim framburði ákærða að þessi ráðstöfun söfnunarfjárins af hálfu ákærða hafi að einhverju leyti verið í þágu Byrgisins. Þá verður ekki litið fram hjá framburði Svavars Dalmanns að hann hafi í einhverjum tilvikum verið að lána ákærða fé. Síðbúnaðar skýringar ákærða sem lúta að lánveitingum hans til Byrgisins eru ekki studdar gögnum og verður þeim því hafnað. Hins vegar verður að telja nægilega sannað með vísan til gagna málsins, framburðar ákærða og þeirra raka er greinir í ákæruliðum A.I og A.II. að hann hafi að verulegu leyti nýtt féð í eigin þágu án þess að unnt sé að staðreyna tiltekna fjárhæð í því sambandi. Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði gerst sekur um fjárdrátt samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður B. I.

Við rannsókn málsins kom í ljós að grunur lék á því að af hálfu líknarfélagsins Byrgisins ses. hefði ekki verið skilað skilagreinum staðgreiðslu opinberra gjalda á árunum 2004 til 2006 og jafnframt að af hálfu félagsins hefði ekki verið staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda vegna sömu ára. Var talið að hin vantöldu laun næmu 9.648.182 krónum og vangoldin staðgreiðsla af þeim 3.611.649 krónur. Eins og áður hefur verið rakið var ákærði Guðmundur stjórnarformaður félagsins og ákærði Jón Arnarr meðstjórnandi.

Ákærði Guðmundur gat ekki skýrt hvers vegna skilagreinum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda og vegna launagreiðslna félagsins var ekki skilað. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með bókhaldsmálum fyrirtækisins en taldi sig hafa gert sér grein fyrir ábyrgð sinni sem stjórnarformaður. Hann kvaðst hafa haft fólk í kringum sig sem hann treysti en hann kvaðst ekki hafa fylgst með færslu bókhaldsins. Hann kvaðst ekki hafa falið meðákærða þessi störf. Ákærði tók fram að hann hefði ekki verið á launaskrá hjá Byrginu, hann hefði unnið sem verktaki eftir að honum hafi veri bent á hagkvæmni þess af skattyfirvöldum. Hann hefði hins vegar talið fram sem launþegi síðasta árið sem Byrgið var í rekstri.

Ákærði Jón Arnarr skýrði svo frá fyrir dómi að hann hefði verið stjórnarmaður í eignarhaldsfélaginu og líknarfélaginu. Hann kvaðst hafa séð um greiðslu reikninga, haldið fyrirlestra o. fl. Hann kvaðst hafa aðstoðað bókara við bókhald með því að halda reikningum til haga að því er varðaði merkingar og færslur. Hann kvað laun sín hafa verið breytileg, allt frá núlli að hálfri milljón á mánuði. Hann kvað sér ekki hafa verið falið að skila skilagreinum eða standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda.

Vitnið Bjarni Sigursteinsson skýrði svo frá dómi að hann hefði fengið það verkefni að sjá um bókhald Byrgisins. Hann kvað ákærðu Guðmund og Jón Arnarr hafa séð um daglega fjármálastjórn félagsins en hann hefði séð um bókhaldið undir stjórn þeirra eitthvað á annað ár. Hann kvaðst hafa fengið pappíra frá þeim, merkt þá og reynt að koma þeim í bókhaldshorf. Hann kvaðst ekki hafa vitað hver sá um skattskil félagsins. Hann kvaðst hafa haft tilfinningu fyrir því að miklar brotalamir hafi verið á bókhaldinu, heildsteypta yfirsýn hafi vantað. Mikið hafi vantað í það og hafi hann reynt að gera sem best úr því sem hann hafi fengið í hendurnar. Hann kvaðst hafa vakið athygli ákærðu á þessu en mundi ekki sérstaklega eftir viðbrögðum þeirra. Hann kvaðst fyrsta árið hafa fengið öll gögn um safnanir en síðan hafi hann ekkert vitað af þeim. Þá kvaðst hann hafa fengið fylgiskjal með upplýsingum um greidd vistgjöld en hann kvaðst ekki hafa haft hugmynd um hvernig greiðslu þeirra hafi verið háttáð. Hann kvaðst ekkert hafa komið nálægt launagreiðslum, aðeins rekstrargjöldum. Þá kvaðst hann ekki vita um færslu bókhalds vegna bifreiðahlunninda og hann hafi ekki komið nálægt því að skila skilagreinum. Hann kvaðst ekki vita hvers vegna ákærði Guðmundur væri verktaki en ekki launþegi. Hann gat ekki borið um kreditkortanotkun, aðeins fengið yfirlit og reynt að vinna úr þeim. Hann kvað ýmsar úttektir ákærða Guðmundar hafa verið þess eðlis að ekki hefði annað komið til greina en að færa þær sem laun til hans. Vitnið kvaðst hafa starfað hjá Byrginu þar til starfsemi þess hafi verið lögð niður. Hann kvaðst hafa talið fram fyrir ákærða Guðmund persónulega en ekki að öllu leyti fyrir félagið.

Niðurstaða.

Ákærði Guðmundur gat ekki skýrt hvers vegna skilagreinum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda og vegna launagreiðslna félagsins var ekki skilað og þá kvað ákærði Jón Arnarr að sér hefði ekki verið falið að skila skilagreinum eða standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda. Ákærði Guðmundur kvaðst hafa treyst öðrum til þess að annast þessi skil en bókarí félagsins hefur borið að hann hafi ekki vitað hver hafi átt að sjá um skattskilin. Ákærði Guðmundur byggir á því í greinargerð sinni að hann hafi eftir að dómsmeðferð málsins hófst lagt fram framtal vegna tekjuársins 2006 og beri framtalið með sér að tekjur ákærða hafi verið hærri en gert sé ráð fyrir í ákæru. Kemur fram í framtalinu að tekjur hans árið 2006 frá Byrginu ses. hafi numið 5.619.455 krónum. Starfsemi Byrgisins var hætt um áramótin 2006/2007 og hófst rannsókn skömmu síðar á fjármálum þess. Eftir þann tíma höfðu ákærðu ekki aðgang að bókhaldi félagsins. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að standa varð skil á staðgreiðslu vegna ársins 2006 á því ári. Ákærðu báru ábyrgð á því að standa skil á skilagreinum og staðgreiðslu opinberra gjalda, ákærði Guðmundur sem stjórnarformaður félagsins og ákærði Jón Arnarr sem meðstjórnandi. Það leysir ákærðu ekki undan ábyrgð að hafa talið það í verkahring annarra að annast þessar skyldur og er sök þeirra því sönnuð og brot þeirra rétt færð til refsíákvæða í ákæru.

Ákæruliður B. II.

Við rannsókn málsins kom í ljós að árið 2004 var samkvæmt ökutækjaskrá bifreiðin PD-524 af gerðinni Hyundai Terracan í eigu Byrgisins ses. og árið 2005 var bifreiðin LL-665, Land Rover Discovery jafnframt í eigu félagsins. Við skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra kom fram að ákærði Guðmundur hefði notað bifreiðarnar í akstur til og frá vinnu og hefði Byrgið greitt rekstrarkostnaðinn af þeim. Við útreikning skattrannsóknarstjóra var miðað við bifreiðaskrá ríkisskattstjóra vegna skattmats í staðgreiðslu bifreiðahlunninda og talið að tímabil notkunar bifreiðarinnar PD-524 hafi samkvæmt upplýsingum ákærða verið frá 13. maí 2004 til 14. september sama ár og reiknuð bifreiðahlunnindi því 275.137 krónur. Þá hafi tímabil notkunar bifreiðarinnar LL-665 samkvæmt upplýsingum ákærða verið frá 21. mars 2005 til ársloka sama ár og reiknuð bifreiðahlunnindi af þeirri bifreið því 1. 287.548 krónur.

Ákærði Guðmundur kvaðst hafa notað umræddar bifreiðar ásamt öðrum en kvaðst ekki hafa haft hugmynd um að hann hefði átt að telja hlunnindi af notkun þeirra til skatts og hefði enginn bent honum á að þetta væri nauðsynlegt. Ákærði tók fram að hann hefði skilað skattframtali vegna ársins 2006 um leið og hann vissi hvað hann hafði í laun. Í því framtali hefði hann gert grein fyrir bifreiðahlunnindum sínum. Þá kvaðst ákærði sjálfur hafa staðið straum af sendiferðabifreið í hans eigu sem notuð hefði verið í þágu Byrgisins.

Meðákærði Jón Arnarr kannaðist við að sendibifreið í eigu ákærða Guðmundar hefði verið notuð til flutninga á matvælum við Byrgisins.

Niðurstaða.

Ákærði bendir á það í greinargerð sinni og hér fyrir dómi að hann hafi ekki notað bifreiðarnar einn. Hann hafi ekið milli heimilis og vinnu en að öðru leyti hafi þær verið til afnota fyrir starfsfólk Byrgisins hvenær sem þurfti. Ákærði hafi einnig átt aðrar bifreiðar sem nýttar hafi verið í þágu Byrgisins

Hlunnindi eins og hér um ræðir teljast til skattskyldra tekna samkvæmt 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og bar ákærða að gera grein fyrir því hvernig afnotum hans af bifreiðunum var háttað. Sannað er með framburði ákærða Guðmundar og öðrum gögnum málsins að hann hafi látið undir höfuð leggjast að telja umrædd bifreiðahlunnindi sín fram til skatts eins og honum er gefið að sök í þessum lið ákærunnar og er háttsemi hans þar rétt færð til refsíákvæða.

Ákæruliður B. III.

Við rannsókn skattrannsóknarstjóra vaknaði grunur um að ákærði Jón Arnarr hefði notið bifreiðahlunninda frá Byrginu líknarfélagi ses. án þess að skattyfirvöldum væri gerð grein fyrir því. Kom í ljós að árin 2004 og 2005 var samkvæmt ökutækjaskrá bifreiðin OT-325 af gerðinni Hyundai Starex í eigu eignarhaldsfélags Byrgisins ehf. Við skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra kom fram að ákærði Jón Arnarr hefði haft bifreiðina til afnota frá 7. maí 2004 til 29. september 2006. Við útreikning skattrannsóknarstjóra var miðað við bifreiðaskrá ríkisskattstjóra vegna skattmats í staðgreiðslu bifreiðahlunninda og talið að tímabil notkunar bifreiðarinnar hafi samkvæmt upplýsingum ákærða verið frá 7. maí 2004 til ársloka sama ár og allt árið 2005. Hafi reiknuð bifreiðahlunnindi því verið samtals 1.200.388 krónur.

Við rannsóknina vaknaði einnig grunur um að ákærði hefði vantalið launatekjur sínar frá Byrginu vegna tekjuársins 2005 um 2.532.318 krónur, en samkvæmt skattframtali vegna þess tekjuárs kemur fram að ákærði hafi haft 1.400.000 krónur í launatekjur frá Byrginu.

Ákærði Jón Arnarr kannaðist við að hafa notað bifreiðina OT-325 en kvaðst ekki hafa vitað að hann ætti að gefa hlunnindi vegna hennar upp til skatts. Hann kvað hlutverk sitt hafa verið að vera til taks á bifreiðinni hvenær sem væri sólarhringsins. Bifreiðin væri eign eignarhaldsfélagsins en ekki líknarfélagsins sem hafi greitt honum laun. Hann kvaðst ekki skilja hvernig á því standi að hann eigi bæði að fá laun fyrir að vera á bílnum og síðan að greiða skatt af sama bíl. Að því er vantaldar tekjur varðar kvaðst hann ekki hafa áttað sig á því þegar hann taldi fram tekjur að Byrgið hafi verið búíð að endurgreiða honum 1.600.000 króna lán hans til félagsins.

Ákærði Guðmundur kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því að meðákærða væri skylt að telja fram bifreiðahlunnindi vegna nota sinna af bifreiðum fyrirtækisins. Vitnið kvað bifreiðina OT-325 hafa verið notaða jöfnum höndum af starfsmönnum Byrgisins, ekki eingöngu meðákærða.

Niðurstaða.

Hlunnindi eins og hér um ræðir teljast til skattskyldra tekna samkvæmt 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og bar ákærða að gera grein fyrir því hvernig afnotum hans af bifreiðinni var háttað. Sannað er með framburði ákærða Jóns Arnarr og öðrum gögnum málsins að hann hafi látið undir höfuð leggjast að telja umrædd bifreiðahlunnindi sín fram til skatts eins og honum er gefið að sök í þessum lið ákærunnar. Þá telst einnig nægilega sannað með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins að hann hafi vanframtalið tekjur sínar eins og nánar greinir í ákæru. Er háttsemi ákærða þar rétt færð til refsíákvæða.

Ákæruliður B. IV.

Við rannsókn skattrannsóknarstjóra á bókhaldi líknarfélagsins Byrgisins ses. vegna ára 2004 til 2006 vaknaði grunur um að því væri áfátt í veigamiklum atriðum og grunnur þess ótraustur. Það væri ekki skipulega fært og mikilvægir tekjulídir ekki færðir. Þá vanti fjölda fylgiskjala sem liggja eigi að baki færslum í bókhaldi. Þá séu gjaldfærslur í bókhaldinu sem ekki byggja á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja megi til viðskiptanna. Þá hafi verið vanrækt að færa í bókhaldið greidd vistgjöld og tekjur vegna safnana.

Ákærði Guðmundur kvaðst ekkert hafa komið að bókhaldi fyrirtækisins og hélt að gögn væru varðveitt á skrifstofunni og hefði hann talið að hann væri með fólk í vinnu sem hann hefði treyst. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með störfum þess að þessu leyti.

Ákærði Jón Arnarr kannaðist ekki við að hafa ekki varðveitt fylgiskjöl með fullnægjandi hætti. Hann fullyrta að fylgiskjöllum hefði verið haldið til haga fyrir bókhald og hefði öllum gögnum verið skilað til bókarans. Ákærði kvaðst ekki hafa verið ráðinn til að færa bókhaldið. Hann kvaðst hafa séð um útgáfu reikninga til Félagsþjónustunnar og Fangelismálastofnunar og staðfest vistun viðkomandi einstaklinga. Hann kvaðst aldrei hafa séð tekjur vegna safnana.

Niðurstaða.

Ákærði Guðmundur hefur borið að hann hafi ekkert komið nálægt bókhaldi Byrgisins og hafi hann treyst öðrum fyrir því verki. Ákærði Jón Arnarr kvaðst ekki

hafa verið ráðinn til að annast bókhaldið en taldi að fylgiskjölum hefði verið haldið til haga og öllum gögnum skilað til bókarans.

Telja verður með hliðsjón af gögnum málsins nægilega sannað að rannsókn skattrannsóknarstjóra hafi leitt í ljós að verulegar brotalamir hafi verið á bókhaldinu eins og nánar er rakið í ákæru. Varnir ákærðu hafa ekki lotið að því að færsla bókhaldsins hafi verið hnökralaus en þeir báru ábyrgð á því að bókhaldið væri fært með fullnægjandi hætti og fylgiskjölum haldið til haga, ákærði Guðmundur sem stjórnarformaður félagsins og ákærði Jón Arnarr sem meðstjórnandi. Það leysir ákærðu ekki undan ábyrgð að hafa talið það í verkahring annarra að annast þessar skyldur og er sök þeirra því sönnuð og brot þeirra rétt færð til refsíákvæða í ákæru.

Ákvörðun viðurlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Guðmundar var hann með dómi Hæstaréttar Íslands upp kveðnum 4. desember 2008 dæmdur í fangelsi í 2 ár og 6 mánuði fyrir brot gegn 197. gr. almennra hegningarlaga. Brot þau sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir voru framin áður en sá dómur féll og ber því að ákveða honum hegningarauka í samræmi við ákvæði 78. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Jóns Arnarr var hann sektaður og sviptur ökurétti árið 1999 fyrir ölvunarakstur og 19. október 2006 var hann einnig sektaður og sviptur ökurétti fyrir sams konar brot. Þann 15. mars var hann sektaður um 80.000 krónur fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 157. gr. almennra hegningarlaga og 23. febrúar 2009 var honum gert að greiða 100.000 króna sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. sömu laga. Brot þau sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir voru framin áður en hann gekkst þrjár síðastgreindar sektarákvarðanir og ber því að ákveða honum hegningarauka í samræmi við ákvæði 78. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda skal hver sá launagreiðandi sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil sín, hefur ekki haldið eftir fé af launagreiðslum eins og honum bar, hefur ekki afhent skilagreinar á lögmæltum tíma eða ekki innt af hendi þær greiðslur vegna launamanna sem hann hefur haldið eftir eða honum bar að halda eftir, greiða fésekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem hann vanrækti að halda eftir eða standa skil á og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni. Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt skal skattskyldur maður sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um tekjuskatt sinn greiða fésekt allt að tífaldri skattfjárhæð af þeim skattstofni sem undan var dreginn og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni.

Ákærði Guðmundur hefur í þessu máli verið sakfelldur fyrir fjárdrátt og umboðssvik sem nema verulegum fjárhæðum og jafnframt fyrir meiri háttar bókhaldsbrot og þar að auki fyrir brot gegn lögum um tekjuskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda eins og að framan er rakið. Með hliðsjón af því að um

hegningarauka á tveggja og hálfis árs fangelsi er að ræða þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 9 mánuði. Þá ber með vísan til þeirra ákvæða laga um tekjuskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda er að framan greinir að dæma ákærða Guðmund til greiðslu sektar að fjárhæð 8.000.000 krónur og komi 5 mánaða fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði Jón Arnarr hefur í þessu máli verið sakfelldur fyrir meiri háttar bókhaldsbrot og þar að auki fyrir brot gegn lögum um tekjuskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda eins og að framan er rakið. Með hliðsjón af því að um hegningarauka er að ræða þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði en fullnustu hennar skal fresta og hún niður falla að liðnum þremur árum frá birtingu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber með vísan til þeirra ákvæða laga um tekjuskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda er að framan greinir að dæma ákærða Jón Arnarr til greiðslu sektar að fjárhæð 8.000.000 krónur og komi 5 mánaða fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að dæma ákærðu til greiðslu málsvarnarlauna verjenda sinna. Þykja málsvarnarlaun skipaðs verjenda ákærða Guðmundar, Hilmars Baldurssonar hdl. og þóknun vegna starfa hans við rannsókn málsins hæfilega ákveðin 1.000.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Málsvarnarlaun skipaðs verjenda ákærða Jóns Arnarr, Brynjars Nielssonar hrl., þykja hæfilega ákveðin 400.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ekki er að sjá að annan sakarkostnað hafi leitt af meðferð málsins.

Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri kveður upp dóm þennan. Dómsuppkvaðning hefur dregist fram yfir lögbundinn frest en dómari og sakflytjendur töldu ekki þörf endurflutnings.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Jónsson, sæti fangelsi í 9 mánuði.

Ákærði Guðmundur greiði sekt að fjárhæð 8.000.000 krónur og komi 5 mánaða fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði Jón Arnarr Einarsson sæti fangelsi í 4 mánuði en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum þremur árum frá birtingu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Jón Arnarr greiði sekt að fjárhæð 8.000.000 krónur og komi 5 mánaða fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði Guðmundur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Baldurssonar hdl., 1.000.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði Jón Arnarr greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjars Níelssonar hrl., 400.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.